

## **Samningur um rekstur Vínlandsseturs.**

Dalabyggð, kt. 510694-2019, hér eftir nefnd eigandi og Vínlandssetur ehf., kt. 000000-0000, hér eftir nefnt rekstraraðili, gera með sér svofelldan samning:

### **1. grein**

Rekstraraðili tekur að sér stjórn, umsjón og rekstur Vínlandssturs í Leifsbúð í Búðardal. Í því felst allt sem varðar rekstur sýningar um landafundi og veitingastarfsemi m.a. eftirfarandi:

- Almenn þjónusta á svæðinu
- Umsjón sýningar
- Daglegt viðhald húss og lóðar
- Innheimta aðgangsgjálfa samkvæmt gjaldskrá hverju sinni
- Markaðssetning og auglýsingar, þ.m.t. heimasiðan vinlandssetur.is/leif.is
- Ákvörðun um gjaldskrá í samráði við byggðarráð. Gjaldskrá skal gefin út til árs í senn.

Rekstraraðila ber að gæta snyrtimennsku og prúðmennsku við öll störf og umgengni í tengslum við Vínlandssetur.

### **2. grein**

Rekstaraðili hefur m.a. samskipti við eftirfarandi:

- Dalabyggð, starfsmenn og nefndir
- Markaðsstofu og Upplýsingamiðstöð Vesturlands.
- Aðra ferðaþjónustuaðila í Dalabyggð

Gert er ráð fyrir að rekstaraðili komi á fund byggðarráðs einu sinni á ári og oftar ef ráðið óskar eftir því. Á árlegum fundi, sem fram skal fara að hausti, fer rekstaraðili yfir starfsemina og áætlanir komandi árs.

### **3. grein**

Dalabyggð sér um eftirfarandi:

- Fasteignagjöld og lögbundnar tryggingar af húsnæði.
- Á árinu 2020 leggur Dalabyggð til kr. 1.800.000 vegna markaðssetningar og opnunar sýningar og sér um allan rekstrarkostnað af húsnæði. Ekki verður um að ræða önnur framlög eiganda til rekstrar Vínlandsseturs.
- Allt meiriháttar viðhald húsnæðis og svæðis verður í samræmi við fjárhagsáætlun Dalabyggðar á hverju ári og skal gerður samningur um framkvæmd þess.

Rekstraraðili sér um allan annan kostnað sem fellur til vegna reksturs Vínlandsseturs á samningstímanum.

### **4. grein**

Rekstraraðili skuldbindur sig til að að hafa sýninguna opna allt árið. Skal hún vera opin alla daga tímabilð frá 1. apríl til 30. október ár hvert. Samningsaðilar eru sammála um að stefnt verði að því að lengja þetta tímabil þannig að það verði að lokum allt árið en að það þurfi að ráðast af hvernig straumur ferðamanna þróast. Opið skal vera eftir fögum fyrir hópa og fyrir viðburði og veitingar í húsinu. Daglegr opnunartími skal miðaður að þörfum gesta og sé 4 – 8 klukkutímar daglega.



### **5. grein**

Við upphaf samnings skal húsnæðið vera fullbúið, þannig að starfsemi geti hafist í samræmi við þau leyfi og skyldur sem hún þarfnaður. Búnaður sem fylgir húsinu er talinn upp í fylgiskjali 1.

Við upphaf og lok samningstímans skal fara fram ástandsskoðun, framkvæmd af óháðum aðila.

### **6. grein**

Rekstraraðili fær alla aðstöðu endurgjaldslaust til 1. maí 2022, til að byggja upp starfsemina, en greiðir eiganda 7% af sölutekjum Vínlandseturs eftir það. Til ársloka 2023 skulu greiðslur þó að hámarki verða 3,5 milljónir á ári og að lágmarki vera kr. 700 þúsund á ári.

Rekstraraðili ber allan almennan rekstrarkostnað af húsinu frá upphafi árs 2021 og út samningstímann.

Greiðslur skal inna af hendi árlega, fyrir lok janúar ár hvert fyrir nýliðið ár og skulu afrit af skýrslum um aðsókn lögð fram.

### **7. grein**

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 2020 til 31. október 2025. Heimilt er að framlengja hann óbreyttan.

Báðir aðilar geta sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg.


Komi til ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem samningsaðilar geta ekki leyst sín á milli skal hann leystur fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Dalabyggð, 10. febrúar 2020

Fyrir hönd Dalabyggðar

F.h. rekstraraðila

  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri  
Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar

Vottar að dagsetningu og undirskrift:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala